
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2006-02
Fundartími: Föstudagur 26. maí 2006 kl. 13:30-14:45
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Störf raforkuhóps.
- 2) Raforkunotkun fyrstu þriggja mánaða ársins 2006.
- 3) Notkunarflokkar raforku 2005.
- 4) Aflþörf raforkukerfisins 2005.
- 5) Störf jarðvarmahóps.
- 6) Störf eldsneytishóps.
- 7) Almennar forsendur orkuspáa.
- 8) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason
Magnús Magnússon
Benedikt Valsson
Sigurður Ágústsson

Verkfræðistofan Afl:

Fjarverandi:

Jón Vilhjálmsson
Íris Baldursdóttir
Magnús Ásgeirsson
María Jóna Gunnarsdóttir
Haukur Ingibergsson
Ólafur Pálsson

- 1) JV fór yfir störf raforkuhóps sem hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman. Mikil vinna hefur farið í að aðlaga gagnasöfnun og úrvinnslu að nýju skipulagi raforkukerfisins. Gagnasöfnunin hefur ekki verið eins liðleg og æskilegt væri auk þess sem vantað hefur inn í gögnin og er oft erfitt að finna út úr slíku og jafnvel að koma auga á það. Framsetning gagna breytist einnig núna og hefur þurft að setja allar úrvinnslutöflur upp að nýju. Söfnun og úrvinnslu gagna fyrir síðasta ár er að mestu lokið.
- 2) JV fór yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Raforkuvinnslan hefur aukist um 2,9% frá sama tíma árið 2005 en flutningstöp hafa minnkað um 5,1%. Stórnotkun hefur aukist um 5,4% en almenn notkun staðið í stað. Ástæða þess að almenn notkun hefur ekki aukist er mikil minnkun í almennri ótryggðri orku vegna þess að loðnuveiði var lítil í vetur og minnkaði ótryggða orkan um 21,1% frá árinu á undan en almenn forgangsorka jókst um 3,7%. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar forgangsorku 4,0%. JV sagði að töflurnar sem hann sýndi væru komnar inn á heimasíðu orkuspárnefndar.

- 3) JV fór yfir skiptingu raforkunotkunar niður á notkunarflokkka fyrir árið 2005 og sagði að uppsetning á töflu hefði breyst nokkuð vegna breytts skipulags raforkugeirans. Hann benti á að notkun í virkjunum og sala beint til stóriðju væru í sér dálki undir Vinnslufyrirtæki. Þar væri t.d. töp í spennum virkjana og dæling á heitu vatni til hitaveitna á Nesjavöllum og í Svartsengi. Landsnetið er umfangsmeira en áður þar sem 66 kV kerfið er þar inni nú og af þeim sökum ættu töpin að minnka. Á móti hafa töpin í spennum virkjana færst frá flutningstöpum yfir til virkjana og virðist þetta jafnast nokkurn vegin út þar sem flutningstöpin eru svipuð og áður. Einnig breytast uppgjörslínurnar neðst í töflunni og fór JV yfir þær. Einnig var skoðuð aukning eftir notkunarflokkum síðustu 10 árin. Töflur um aukninguna eru komnar á heimasíðu orkuspárnefndar.
- 4) JV fór yfir tölur um álag á raforkukerfið 2005 og sagði að uppbygging þeirra hefði breyst mikið núna vegna skipulagsbreytinganna. Hann sagði að toppur í vinnslu hefði komið 18. janúar 2005 milli kl 18 og 19 og verið 1.201 MW. Álagið er nú greint niður á allar aðveitustöðvar í nýju Landsneti og við það um tvöfaldast fjöldi afhengingastaða í töflum.
- 5) ÞH sagði að ekki hefði enn orðið af ráðningu starfsmann sem á að sinna jarðvarmamálum, þar meðtalið jarðvarmahópnum og mundi því vinna þess hóps frestast áfram.
- 6) JV sagðist ekki hafa fengið nein gögn frá Hagstofunni og því ekki verið haldinn fundur í eldsneytishópnum. Fundarmenn vissu ekki til þess að öll gögn hefðu borist og því er líklega ennþá einhver bið eftir gögnunum. ÞH skýrði frá því að Orkustofnun hefði lagt til við Alþingi að fyrirliggjandi frv. til laga um skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda yrði breytt þannig að OS fengi heimild til að afla nauðsynlegra eldsneytisgagna.
- 7) Farið var yfir kafla 5-8 í almennum forsendum. MM sagði að niðurstöður lægju ekki fyrir úr Lífskjarakönnun en stefnt væri að því að ljúka úrvinnslu á árinu. BV sagði að langtímamarkmið ríkisins varðandi samneyslu væru 2%/ári en meiri aukning væri væntanlega næstu árin hjá sveitarfélögunum. Hann taldi því eðlilegt að miða við hagvöxt í byrjun en að til lengri tíma litið yrði aukning samneyslu 2%.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 10. nóvember 2006 kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:45.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi 2006.
- Tafla um notkunarflokkka raforku 2005.
- Töflur um álag 2005.